

Íslenska

7.bekkur

**Kennari:** Sóley Birgisdóttir og Una Björk Kristófersdóttir

**Tímafjöldi:** 6 stundir á viku

### **Menntagildi námsgreinar:**

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er jafnframt öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber. Í 7. bekk er áhersla lögð á að nemendur þjálfist í að geta flutt æfðan texta af öryggi og ákveðni. Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur hafi náð góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir hafi góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar kjörbókaritgerðir. Nemendur þurfa bæði að geta sett efni sitt fram skriflega og með stafrænum miðlum. Í málfræði nýta nemendur þá þekkingu sem þeir hafa þegar öðlast í yngri bekkjum og byggja ofan á hana. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðuræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á tungumáli sínu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

## Áherslur

Í íslenskunámi í 7. bekk er mikil áhersla lögð á að nemendur sýni aukið sjálfstæði og beri sífellt meiri ábyrgð á eigin námi. Nemendur lesa áfram heima daglega og halda lestrardagbók, skrá í leiðarbók mikilvæg atriði sem tengjast íslenskri tungu, gera bókmenntaritgerð og halda utan um verkefnamöppur. Mikil áhersla er á að vinnan sem nemendur skila sé vel unnin og vandað sé til verka.

	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<p>Nemendi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li> <li>tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,</li> <li>tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,</li> <li>hlustað af athygli beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,</li> <li>nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,</li> <li>átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi,</li> <li>tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á viðeigandi hátt,</li> <li>tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur lesa æfðan texta svo sem sögur og ljóð og fá leiðbeiningar um hvernig best er að haga lestrinum svo hann komist sem best til skila.</li> <li>Sérstök áhersla á upplestur sem hefst á Degi íslenskrar tungu í nóvember og nær hámarki í upplestrarkeppni sem fer fram að vori.</li> <li>Reglulega koma nemendur fram einir eða í hóp og kynna hin ýmsu verkefni í bóklegum greinum.</li> <li>Nemendur fá þjálfun í að efla málnotkun t.d. með notkun orðabóka, lesturs og ritunar.</li> <li>Nemendur velja ritunarverkefni til að flytja fyrir bekkinn, t.d. sem æfing fyrir upplestrarkeppnina.</li> <li>Nemendur eru hvattir til að taka til máls í tímum og jafnframt er lögð áhersla á að nemendur hlusti af athygli, hafi hljóð og virði lýðræði og skoðanir annarra.</li> <li>Nemendur eru hvattir til að nýta sér tæknimiðla sem og aðra miðla þegar þeir vinna að kynningum.</li> <li>Nemendur eru hvattir til að nýta samfélagsmiðla á jákvæðan hátt, með góðri málnotkun og með gott siðferði að leiðarljósi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upplestur á texta og ljóði í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.</li> <li>Rökfærslur um ýmis samfélagsleg málefni.</li> <li>Ljóðaslamm, nemendur semja ljóð saman um umhverfið og sjálfbærni og flytja fyrir stjórnendur.</li> </ul>

<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,</li> <li>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,</li> <li>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,</li> <li>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar unglingum,</li> <li>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusvið og boðskap,</li> <li>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,</li> <li>• aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi trúverðugleika upplýsinga,</li> <li>• lesið úr einföldum, tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,</li> <li>• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju,</li> <li>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allir nemendur fara í lesfimiþróf í upphafi skólaárs. Þeir nemendur sem ekki hafa náð 110 orðum á mínútu býðst að lesa upphátt í skólanum og munu kennari, nemandi og foreldrar/forráðamenn skipuleggja þjálfun og setja markmið.</li> <li>• Nemendur lesa fjölbreyttan bókmenntatexta og vinna verkefni í vinnubók.</li> <li>• Nemendur eru hvattir til að lesa texta á samfélagsmiðlum og vefmiðlum en meta jafnframt áreiðanleika upplýsinga við lesturinn.</li> <li>• Nemendur lesa í frjálislestrarbókum heima, 15-20 mínútur á dag, í lestrartíma og skrá lesturinn í lestrardagbók.</li> <li>• Nemendur kynna einu sinni á skólaárinu frjálislestrarbók og þá er mikilvægt að í kynningunni komi fram bókmenntahugtök sem nemendur hafa lært og þau áhrif sem bókin hefur á þá.</li> <li>• Nemendur lesa/fylgja eftir lestri kennara Draugaslóð og Kjalnesinga sögu og er grunnhugtökum í bókmenntafræði beitt í umræðum og verkefnavinnu út frá henni.</li> <li>• Nemendur vinna bókmenntaritgerð þar sem þeir segja m.a. frá tíma, aðalpersónum, sögusviði, boðskap o.fl..</li> <li>• Nemendur vinna með fjölbreytt efni texta t.d. blaðagreinar, ljóð og bragfræði, málshætti og orðtök á skólaárinu.</li> <li>• Lögð verða fyrir lesskilningsverkefni úr Litabókum Skólavefsins og úr Öðrum smelli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesfimisþróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Niðurstöður eru birtar á Mentor.</li> <li>• Lestrarviðmið við lok 7. bekkjar eru 165-190 orð á mínútu.</li> <li>• Námsmat úr Kjalnesinga sögu: nemendur fá að velja milli þess að taka skriflegt próf, skrifa ritgerð, sýna leikþátt, gera tímalínu, plaggat, myndaband eða stuttmynd.</li> <li>• Ritgerð úr Draugaslóð.</li> <li>• Lesskilningsþróf í nóvember og febrúar (Orðarún – staðlað próf).</li> </ul>
------------------------------------	--	--	--

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda skoðana með rökum,</li> <li>• tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á viðeigandi hátt,</li> <li>• tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,</li> <li>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim,</li> </ul>		
<b>Ritun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notast við orðabækur,</li> <li>• valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni,</li> <li>• samið texta þar sem beitt er sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,</li> <li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,</li> <li>• lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun,</li> <li>• skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda,</li> <li>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blaði eða í tölvu,</li> <li>• spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrvinnslu verkefna,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni bæði í skólanum og heima. Nemendur skapa texta bæði í sögu og frásagnaformi og segja frá eigin reynslu eða annarra með ákveðinn lesanda / hlustanda í huga.</li> <li>• Við alla ritun er lögð áhersla á textagerð, skipan efnispáttu, mál og stíl ásamt skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágang texta.</li> <li>• Nemendur læra betur að gagnrýna og endurskoða eigin texta. Kennari beitir uppbyggilegri gagnrýni þar sem nemendur eru hvattir til að nýta sér til að bæta ritsmiðar og umrita texta eftir því sem þurfa þykir.</li> <li>• Nemendur æfa sig í skrift þannig að hún verði persónuleg en jafnframt falleg og læsileg.</li> <li>• Nemendur fara yfir helstu stafsetningarreglur með kennara að hausti og svo eru þeir reglulega minntir á hverja reglu með upprifjun eða æfingum sem tengjast þeim.</li> <li>• Nemendur skoða bókmenntatexta og ljóðaform og fá að spreyta sig á að semja texta eða ljóð í svipuðum stíl.</li> <li>• Nemendur skrifa kjörbókarritgerð og er farið yfir helstu þætti sem þurfa að koma fram og hvernig framsetning/uppsetning á að vera.</li> <li>• Nemendur vinna ritunarverkefni, bæði á blaði og í tölvu og eru hvattir til að nýta sér orðabækur og leiðréttingaforrit við ritunina.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námsmat úr stafsetningar-sjónaukum í Orðspori.</li> <li>• Kjörbókarritgerð úr Draugaslóð.</li> <li>• Ritunarverkefnum safnað saman yfir veturinn.</li> <li>• Heimildaritun um valið viðfangsefni.</li> <li>• Nemendur semja sögu og búa til myndskreytta bók sem þau lesa svo fyrir nemendur á yngsta stigi.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur,</li> <li>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt,</li> <li>• tjáð hugsanir sínar og skoðanir í rituðu máli,</li> <li>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings í námi,</li> </ul>		
<b>Málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það,</li> <li>• notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,</li> <li>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,</li> <li>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,</li> <li>• notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna fjölbreytt verkefni tengd ákveðnum málfræðipáttum hverju sinni, sérstaklega er farið í orðflokkan og helstu einkenni þeirra.</li> <li>• Nemendur æfa sig í að greina í orðflokka og hvaða aðferðir er best að nota við að greina þá.</li> <li>• Nemendur læra að þekkja muninn á fornöfnum og hvernig þau eru notuð á mismunandi hátt í textagerð.</li> <li>• Nemendur læra ýmsar skammstafanir sem þeir geta nýtt sér í ritun.</li> <li>• Nemendur rýna í ýmiss konar texta og skoða merkingu orða og orðatiltækja. Þannig er unnið að því að efla orðaforða nemenda.</li> <li>• Nemendur skrifa stuttan texta þar sem ákveðnir þættir í málfræðinni eiga að koma fram, t.d. rita nemendur texta þar sem persónufornöfn, lýsingarorð eða sagnorð eiga að vera áberandi í textanum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Málfræðipróf úr bókinni Málið í mark: Fallorð.</li> <li>• Lota í málsháttum og orðtökum: Nemendur velja hvernig þeir sýna fram á kunnáttu sína, teikna málshætti, leika eða látbragð.</li> </ul>

- |   |  |  |
|---|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,</li><li>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu,</li><li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hægt sé að nýta þá í námi,</li><li>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings í námi.</li></ul> |  |  |
|---|--|--|

**Kennslugögn:**

Málrækt 3, valdir kaflar til upprifjunar

Málið í mark – Fallorð

Draugaslóð

Kjalnesinga saga

Orðspor 3: lesbók og vinnubók

Annar smellur

**Handbækur:**

Finnbjörg

Íslensk orðabók

Mál í mótun

